

Samantekt yfir upplýsingagjöf á velferðarsviði í þriðju bylgju COVID-19



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið



Efnisyfirlit

Eftirfarandi fréttatilkynningar, upplýsingapóstar til starfsfólks og fulltrúa í velferðarráði hafa verið sendir frá velferðarsviði, til að upplýsa um stöðu mála vegna Covid-19.

Fréttatilkynningar:

Fréttatilkynning 16. september 2020 birt á vef Reykjavíkurborgar, Facebook- og Workplace-síðum velferðarsviðs.

Fréttatilkynning 7. október 2020 birt á vef Reykjavíkurborgar, Facebook- og Workplace-síðum velferðarsviðs.

Fréttatilkynning 30. október 2020 birt á vef Reykjavíkurborgar, Facebook- og Workplace-síðum velferðarsviðs og Reykjavíkurborgar.

Fréttatilkynning 4. nóvember 2020, send fjölmiðlum, birt á vef Reykjavíkurborgar, Facebook- og Workplace-síðum velferðarsviðs.

Fréttatilkynning 4. nóvember 2020, send fjölmiðlum, birt á vef Reykjavíkurborgar, Facebook- og Workplace-síðum velferðarsviðs.

Upplýsingar til starfsfólks:

Upplýsingapóstur sviðsstjóra til starfsfólks, sendur 16. september 2020.

Upplýsingapóstur sviðsstjóra til starfsfólks, sendur 23. september 2020.

Upplýsingapóstur sviðsstjóra til starfsfólks, sendur 1. október 2020.

Upplýsingapóstur sviðsstjóra til starfsfólks, sendur 13. október 2020.

Upplýsingapóstur sviðsstjóra til starfsfólks, sendur 30. október 2020.

Upplýsingar til velferðarráðs:

Upplýsingapóstur sviðsstjóra til fulltrúa í velferðarráði, sendur 18. september.

Upplýsingapóstur sviðsstjóra til fulltrúa í velferðarráði, sendur 20. september.

Upplýsingapóstur sviðsstjóra til fulltrúa í velferðarráði, sendur 4. október.

Upplýsingapóstur sviðsstjóra til fulltrúa í velferðarráði, sendur 17. október.

Upplýsingapóstur sviðsstjóra til fulltrúa í velferðarráði, sendur 30. október.

Upplýsingapóstur sviðsstjóra til fulltrúa í velferðarráði, sendur 11. nóvember.

Veggspjöld:

Veggspjald ætlað gestum í félagsstarfi á íslensku.

Veggspjald fyrir gesti og aðstandendur á íslensku.

Veggspjaldið: „Er í lagi að ég komi í heimsókn?“ á íslensku, ensku og pólsku.

Veggspjaldið: „Á ég að mæta í vinnuna?“ á íslensku, ensku og pólsku.

Fréttatilkynning 16. september 2020 birt á vef Reykjavíkurborgar, Facebook- og Workplace-síðum velferðarsviðs:

Covid-smit hjá starfsmönnum tveggja íbúðakjarna fyrir fatlað fólk

Tveir starfsmenn íbúðakjarna fyrir fatlað fólk í Reykjavík hafa greinst með Covid-19. Gripið hefur verið til nauðsynlegra aðgerða með það að leiðarljósi að hefta frekara smit, án þess að skerða þjónustu við íbúa.

Covid-smit hafa komið upp hjá tveimur starfsmönnum íbúðakjarna fyrir fatlað fólk í Breiðholti og Grafarvogi. Báðir starfa þeir náið með einstaklingum sem þurfa sólarhringsþjónustu.

Aðgerðaáætlun vegna smitanna hefur verið unnin í nánu samstarfi við smitrakningateymi Almannavarna og Embætti landlæknis en neyðarstjórn velferðarsviðs hélt samráðsfund í morgun þar sem línur voru lagðar um næstu skref.

Tryggt verður að íbúar fái áfram þá þjónustu og stuðning sem þeir þurfa á að halda við sitt daglega líf. Íbúar kjarnanna tveggja búa allir í eigin íbúðum og fá því alla nauðsynlega þjónustu inn á sín heimili.

Í íbúðakjarnanum í Grafarvogi þurfa sex starfsmenn að fara í sóttkví og sex í Breiðholti. Unnið er að því að manna vaktirnar með öðru starfsfólki velferðarsviðs. Báðir íbúarnir sem fengu þjónustu viðkomandi starfsmanna eru komnir í sóttkví. Þeir fara í sýnatöku í dag og fylgst verður náið með líðan þeirra.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar rekur um 70 heimili og dvalarstaði þar sem haldið er úti órofinni þjónustu allan sólarhringinn.

Fréttatilkynning 7. október 2020 birt á vef Reykjavíkurborgar, Facebook- og Workplace-síðum velferðarsviðs:

Viltu verða bakvörður í velferðarþjónustu?

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leitar nú liðsinnis almennra starfsmanna og annarra með reynslu af störfum í velferðarþjónustu, til að ganga í bakvarðasveit velferðarþjónustu. Við upphaf fyrstu bylgju heimsfaraldurs Covid-19 skráðu yfir 1.400 einstaklingar sig í bakvarðasveit velferðarþjónustu, tilbúnir að stökkva í vinnu með litlum fyrirvara og styrkja þá starfsstaði þar sem álag var mikið.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leitar nú liðsinnis úr hópi almennra starfsmanna, félagsliða, þroskaþjálfra, sjúkraliða, sálfræðinga, hjúkrunarfræðinga eða einstaklinga sem hafa reynslu af störfum í velferðarþjónustu sem eru reiðubúnir að koma tímabundið til starfa með litlum fyrirvara í bakvarðasveit velferðarþjónustu.

Þeir einstaklingar sem skrá sig í bakvarðasveit geta átt von á að skráningarupplýsingum þeirra sé miðlað til sveitarfélaga eða stofnana í velferðarþjónustu svo ráðningaraðilar geti haft samband við viðkomandi einstaklinga.

Hér er hægt að ská sig í bakvarðasveitina. Takk fyrir liðsaukann!

Fréttatilkynning 30. október 2020 birt á vef Reykjavíkurborgar, Facebook- og Workplace-síðum velferðarsviðs og Reykjavíkurborgar:

Áhrif hertra sóttvarnarreglna á starfsemi Reykjavíkurborgar

Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar fundaði kl. 15.00 í dag og fór yfir hvaða áhrif hertar sóttvarnarreglur hafa á þjónustu borgarinnar.

Fyrir liggur fyrir að þjónusta borgarinnar verður áfram skert og á það sérstaklega við um þjónustu velferðarsviðs þar sem talsverðar breytingar verða á þjónustunni vegna hertra reglna. Söfn og sundlaugar verða áfram lokað og íþróttastarf liggur niðri.

Takmarkanir á þjónustu velferðarsviðs

Í ljósi hertra aðgerða stjórnvalda hefur verið tekin ákvörðun um að allri skipulagðri hópstarfsemi í félagsmiðstöðvum borgarinnar verði lokað tímabundið. Húsin verða hins vegar opin, starfsmenn til staðar og hægt að koma þangað í óformlega samveru. Þá hefur mötuneytum borgarinnar verið lokað en gerðar hafa verið ráðstafanir sem gera öllum sem vanir eru að borða þar kleift að fá matinn sendan heim. Sótt er um í síma 411 9450 eða á netfanginu maturinnheim@reykjavik.is

Lokanirnar hafa þegar tekið gildi á eftirtöldum stöðum:

Árskógum
Gerðubergi
Sléttuvegi 11
Dalbraut 18-20
Dalbraut 21-27
Hæðargarði 31
Hvassaleiti 56–58
Borgum, Spönginni 43
Hraunbæ 105
Aflagrandi 40
Bólstaðarhlíð
Vitatorgi
Félagsstarfi í Lönguhlíð 3
Félagsstarfi Norðurbrún 1
Félagsstarfi í Furugerði 1
Félagsstarfi í Seljahlíð
Sléttunni, Sléttuvegi 25

Önnur þjónusta en ofantalin en er órofin: Heimaþjónusta, heimahjúkrun, stuðningsþjónusta, þjónusta á hjúkrunarheimilum, í íbúðakjörnun og sambýlum sem og í gisti- og neyðarskýlum. Dagdvöl fyrir aldrað fólk er jafnframt opin, auk vinnu- og virknimiðaðrar stoðþjónusta fyrir fatlað fólk og skammtímadvalar fyrir fötluð börn, ungmenni og fullorðna. Þó að opið sé á þessum stöðum er rétt að árétta að heilbrigðisráðherra hefur hvatt til þess að fólk takmarki samskipti og hitti eins fúa og það getur.

Velferðarsvið vinnur eftir skýrum verkferlum, til dæmis hvað varðar leiðbeiningar til starfsfólks, notenda þjónustu, íbúa og aðstandenda.

Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar mun áfram funda um helgina til að útfæra með hvaða hætti skólastarf muni fara fram í næstu viku.

Fréttatilkynning 30. október 2020 birt á vef Reykjavíkurborgar, Facebook- og Workplace-síðum velferðarsviðs og Reykjavíkurborgar:

Aukin áhersla á fjarþjónustu hjá þjónustumiðstöðvum

Þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs Reykjavíkurborgar eru opnar. Gestir eru hins vegar beðnir að hringja eða senda tölvupóst, frekar en að koma á staðinn.

Þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs í Reykjavík eru opnar. Vegna tíu manna fjöldatakmarkana þarf hins vegar að takmarka umferð um þjónustuskála miðstöðvanna eins og kostur er. Viðskiptavinum er því vinsamlega bent á að nýta símtöl og tölvupóst til að panta viðtöl eða boða komu sína ef hægt er, frekar en að koma á staðinn.

Viðskiptavinum er jafnframt bent á að á öllum þjónustumiðstöðvum borgarinnar eru póstkassar, en þangað má skila útfylltum eyðublöðum.

Sérstök athygli er vakin á því að þjónustuskáli þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts er tímabundið lokaður. Hægt er að bera upp erindi og panta viðtal hjá ráðgjafa í gegnum síma eða tölvupóst.

Þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs eru eftirfarandi:

Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts, Hraunbær 115, 110 Reykjavík. Sími 411 1200. Netfang: arbaer-grarfarholt@reykjavik.is.

Þjónustumiðstöð Breiðholts, Álfabakka 10, 109 Reykjavík. Sími 411 1300. Netfang: breidholt@reykjavik.is

Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness – Miðgarður, Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík. Netfang: midgardur@reykjavik.is.

Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Efstaleiti 1, 103 Reykjavík. Netfang: laugardalur.haaleiti@reykjavik.is

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða, Laugavegur 77, 101 Reykjavík. Netfang: vmh@reykjavik.is.

Fréttatilkynning 4. nóvember 2020, send fjölmiðlum, birt á vef Reykjavíkurborgar, Facebook- og Workplace-síðum velferðarsviðs:

Covid-19 smit á sambýli fyrir konur með heilabilun

Einn starfsmaður og einn íbúi á Foldabæ, sem er sambýli fyrir konur með heilabilun, hafa greinst með Covid-19. Sjö starfsmenn velferðarsviðs og allir íbúar heimilisins eru í sóttkví.

Einn starfsmaður í Foldabæ, sem er herbergjasambýli fyrir konur með heilabilun, greindist með Covid-19 í síðustu viku. Þegar upp komst um smitið var tekin ákvörðun um að taka sýni úr öllum konunum sem búa í Foldabæ, þrátt fyrir að þær væru allar einkennalausar. Úr þeirri sýnatöku kom í ljós að ein kvennanna var með Covid-19 og var hún flutt á Landspítalann. Hún hefur enn lítil einkenni og sömu sögu er að segja af starfsmanninum sem er í einangrun heima fyrir.

Foldabær er opið herbergjasambýli og konurnar sem þar búa eru í miklu návígi hver við aðra. Þær borða saman og verja bróðurparti dagsins saman við ýmsa afþreyingu. Þar sem þær eru allar með heilabilun er ekki hægt að einangra þær hverja frá annarri og koma í veg fyrir að þær eigi í samskiptum sín á milli. Þær eru því allar í sóttkví og heimilið meðhöndlað líkt og þær hafi allar smitast. Starfsmenn sinna í fullum skrudá – með hanska, grímur og í hlífðarbúningi.

Jórunn Frímannsdóttir, forstöðukona hjúkrunarheimilisins Droplaugarstaða sem Foldabær tilheyrir, segir að nauðsynlegt hafi verið að bregðast hratt við með markvissum aðgerðum, þegar ljóst var að smit hefði komið upp í Foldabæ. „Þetta hefur gengið ótrúlega vel. Kerfið allt brást hratt við og strax á mánudag vorum við komin með gáma fyrir utan húsið með starfsmannaaðstöðu, þar sem er salerni og sturta.“

Hún segir konunum í Foldabæ líða ágætlega, þó þær séu sumar hverjar hissa á viðbúnaðinum og eigi erfitt með að skilja hvers vegna starfsfólk sé klætt í búninga. Allt kapp sé lagt á að þeim líði sem best við þessar aðstæður. Þá sé áhersla lögð á að halda aðstandendum upplýstum. Hringt hafi verið í aðstandandendur allra íbúa strax á mánudagsmorgun og síðan þá séu daglegir upplýsingapóstar sendir út. Þá séu upplýsingar og myndir settar reglulega inn á lokaða Facebook-síðu fyrir aðstandendur. Það sé nauðsynlegt því aðstandendum þyki mörgum hverjum erfitt að fá ekki að koma í heimsókn.

Jórunn er afar þakklát hjúkrunarstjóra Droplaugarstaða sem og starfsfólki Foldabæjar sem hefur lagt mikið á sig. „Ég tek ofan af fyrir starfsfólkinu í Foldabæ sem leggur það á sig að vinna við svona flóknar aðstæður. Hjúkrunarstjóri Droplaugarstaða hefur staðið eins og klettur í þessu með mér og okkur hefur gengið vel að manna vaktir. Það er svo mikils virði að finna hvað margir eru tilbúnir að stíga inn og aðstoða þegar á reynir.“

Tveir starfsmanna í Foldabæ losna úr sóttkví í dag eða á morgun, reynist sýni úr þeim neikvætt. Á sunnudag fara aðrir starfsmenn og konurnar í Foldabæ aftur í sýnatöku og er því laus úr sóttkví, greinist ekkert þeirra með smit þá.

Upplýsingapóstur sviðsstjóra til starfsfólks, sendur 16. september 2020:

Ágætu starfsmenn velferðarsviðs,

Í gærkveldi fengum við þær upplýsingar að starfsmenn tveggja íbúðakjarna hjá okkur væru greind með Covid 19. Báðir starfa þeir náið með einstaklingum sem þurfa sólarhringsþjónustu.

Aðgerðaáætlun vegna smitanna hefur verið unnin í nánu samstarfi við smitrakningateymi Almannavarna og Embætti landlæknis en neyðarstjórn velferðarsviðs hélt samráðsfund í morgun þar sem línur voru lagðar um næstu skref.

Stærsta verkefnið er að tryggja smitvarnir og að íbúarnir sem búa á þessum kjörnum fái áfram þá þjónustu og stuðning sem þeir þurfa á að halda við sitt daglega líf.

Í íbúðakjarnanum í Grafarvogi þurfa sex starfsmenn að fara í sóttkví og um 20 í Breiðholti. Unnið er að því að manna vaktirnar með öðru starfsfólki velferðarsviðs og verður leitað meðal annars til fyrrum starfsmanna og annarra reynslumikilla aðila.

Báðir íbúarnir sem fengu þjónustu viðkomandi starfsmanna eru komnir í sóttkví. Þeir fara í sýnatöku í dag og fylgst verður náið með líðan þeirra.

Við höfum sent beiðni í gegnum Landslæknisembættið um frekari skimanir á velferðarsviði, þar sem við erum að vinna með viðkvæma hópa og þurfum að tryggja öryggi samhliða því að halda úti órofinni þjónustu allan sólarhringinn.

Við munum upplýsa ykkur eftir því sem málinu vindur fram og hvetjum ykkur til þess að fylgjast vel með Covid 19 síðunni.

Upplýsingapóstur sviðsstjóra til starfsfólks, sendur 23. september 2020:

Ágæta samstarfsfólk!

Ekki hefur farið framhjá neinum að Covid-19 faraldurinn er áfram skæður en í gær greindust 57 innanlandssmit. Smit hafa komið upp á nokkrum starfsstöðum velferðarsviðs. Sem stendur eru 14 starfsmenn í einangrun vegna Covid-19-smits og um það bil 50 starfsmenn eru í sóttkví. Einn íbúi í íbúðakjarna er í einangrun og sex íbúar eru í sóttkví. Í heild starfa um 3.100 manns á sviðinu og við erum að þjónusta um 14 þúsund manns.

Í vikunni stóðum við frammi fyrir þeirri ákvörðun hvort setja ætti velferðarsvið á neyðarstig. Tekin var ákvörðun um að starfa áfram á hættustigi en allir starfsstaðir þurfa hins vegar að vera reiðubúnir að færa sig yfir á neyðarstig hratt og örugglega. Fylgst er vel með þróun mála og er staðan stöðugt endurmetin, í samráði við Almannavarnir og Embætti landlæknis.

Við biðjum starfsmenn að halda eins metra fjarlægð við notendur og nota ávallt grímu ef ekki næst að halda 1 metra fjarlægð. Í starfi með viðkvæmum hópum miðum við við tveggja metra fjarlægð og notkun grímu ef það er ekki hægt. Þá eru allt starfsfólk beðið um að halda tveimur metrum sín á milli. Er það gert til þess að koma í veg fyrir að margt starfsfólk fari í sóttkví á sama tíma, komi til hópsýkingar.

Við viljum minna á að helstu einkenni Covid-19 minna á venjulega flensu: kvef, hósti, hiti, bein- og vöðvaverkir, þreyta og slappleiki. Í sumum tilvikum hverfur bragð- og lyktarskyn skyndilega. Langöflugasta leiðin til að koma í veg fyrir að smitast er að passa upp á hreinlæti, þvo sér vel með sápuvatni og nota spritt.

Við búum að því nú að hafa farið í hæðir í faraldrinum áður. Allar aðgerðir neyðarstjórnar velferðarsviðs miða að því að tryggja öryggi þjónustunnar og að hún verði órofin. Það hefur tekist og er það fyrst og fremst að þakka hæfu og samviskusömu starfsfólki sviðsins.

Saman komumst við í gegnum þetta!

Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Upplýsingapóstur sviðsstjórna til starfsfólks, sendur 1. október 2020

Kæra samstarfsfólk


Enn fjölga smitum í samfélaginu. Það er vissulega áhyggjuefni fyrir okkur á velferðarsviði. Við sinnum viðkvæmustu hópum samfélagsins og fólki sem tilheyrir áhættuhópum. Af því leiðir að hvergi er eins mikilvægt og hjá okkur að halda óskertri starfsemi og fullri þjónustu. Á velferðarsviði eru nú 18 starfsmenn í einangrun vegna Covid-19 og 24 í sóttkví. Tveir íbúar okkar eru í einangrun og 3 eru í sóttkví.

Þegar litið er til þess hversu margir starfa á velferðarsviði og nota þjónustu sviðsins eru þessar tölur ekki háar. Hingað til hefur okkur því gengið vel að halda faraldrinum í skefjum í okkar starfsemi, sem þakka má skjóttum viðbrögðum og samtakamætti starfsfólks sem hefur lagst á eitt við að draga úr áhrifum hans. Ég vil senda sérstakar kveðjur til þess starfsfólks sem staðið hefur vaktina og sinnt veiku fólki af mikilli alúð, þrátt fyrir að þurfa að klæðast íþyngjandi hlífðarfatnaði frá toppi til táar. Takk fyrir ykkar ómetanlega starf!

Ég hvet starfsfólk eindregið til að halda áfram á sömu braut: Gæta vel að persónulegum sóttvörnum og muna eftir fjarlægðar- og fjöldatakmörkunum. Almenna regla er eins metra fjarlægð. Í starfi með viðkvæmum hópum er hins vegar miðað við tveggja metra fjarlægð og notkun grímu ef það er ekki hægt.

Við þessar aðstæður er eðlilegt að finna fyrir áhyggjum og jafnvel kvíða yfir eigin heilsu og aðstandenda. Ég hvet ykkur til að fara vel með ykkur, hlúa vel að fólkinu ykkar og halda fast í jákvæðnina. Með áframhaldandi samtakamætti komumst við í gegnum þessa óvenjulegu tíma.

Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar



Upplýsingapóstur sviðstjóra til starfsfólks, sendur 13. október 2020:

Kæra samstarfsfólk

Fyrir rúmri viku fór þjóðin á neyðarstig vegna fjölda sýkinga af völdum Covid-19 í samfélaginu. Við á velferðarsviði höfum fundið vel fyrir þeirri fjölgun. Nú eru 25 starfsmenn okkar í einangrun og 60 í sóttkví. Fjórir íbúar eru í einangrun og 16 íbúar eða notendur þjónustu eru í sóttkví.

Breytingin frá hættustigi yfir á neyðarstig hafði ekki miklar breytingar í för með sér fyrir þjónustuna sem við veitum, þar sem við höfum á undanförnum mánuðum farið varlega, lagt mikla áherslu á sóttvarnir og gætt að fjarlægðartakmörkunum. Helsta breytingin felst í því að við virðum nú tveggja metra regluna í öllu okkar starfi og hólfaskiptum starfseminni þar sem þörf er á vegna fjöldatakmarkana. Leiðarljósið sem við vinnum eftir er að verja þá sem eru í áhættuhópum og reyna eftir fremsta megni að koma í veg fyrir að smit komi upp meðal notenda velferðarþjónustu og starfsmanna.

Mig langar að minnast sérstaklega á þrjá starfsstaði á velferðarsviði þar sem starfsfólk hefur sýnt af sér mikla útsjónarsemi og þrautseigju undanfarna daga og vikur. Í gistiskýlinu á Granda, þar sem starfsmaður reyndist smitaður af Covid-19 og fjöldi starfsmanna og gesta þurfti að fara í sóttkví, og í tveimur af búsetukjörnum okkar, þar sem um helmingur starfsfólks hefur ýmist verið í einangrun eða sóttkví, auk þriggja íbúa sem hafa verið í einangrun. Þetta hafa sannarlega ekki verið auðveld verkefni úrlausnar en starfsfólk hefur lagt sig allt fram og leyst mál úr málum með einstökum hætti. Við þökkum ykkur innilega fyrir.

Við lærðum margt af fyrstu bylgju Covid-19, til að mynda um það hversu mikilvæg félagsleg samskipti eru mörgum hópum, til dæmis eldri borgurum og hversu slæm einangrunin getur verið þeim. Við búum að þessari reynslu og þess vegna lokum við ekki dyrunum að félagsstarfi eldri borgara nú, heldur aðlögum okkur og sýnum útsjónarsemi. Við reynum allt hvað við getum til að halda óskertri þjónustu við þá, líkt og aðra notendur þjónustu velferðarsviðs.

Að lokum langar mig að benda á bakvarðasveit velferðarþjónustu, þar sem einstaklingar geta skráð sig sem eru tilbúnir að skrá sig tímabundið í vinnu. Við á velferðarsviði viljum gjarnan fá til okkar fólk sem getur starfað í þjónustu við fatlað fólk, aldraða, heimilislausa, börn með sértækar stuðningsþarfir, barnavernd og fjárhagsaðstoð. Reynsla af störfum í velferðarþjónustu er kostur en ekki skilyrði. Þið megið endilega bera skilaboðin áfram.

Með kærum kveðjum,

Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

Upplýsingapóstur sviðstjóra til starfsfólks, sendur 30. október 2020:

Kæra samstarfsfólk

Eins og kom fram á upplýsingafundi ríkisstjórnarinnar kl. 13.00 í dag hafa verið settar hertar reglur varðandi fjöldatakmarkanir. Ljóst er að þetta hefur víðtæk áhrif á starfsemi sviðsins. Sem fyrr viljum við leita leiða til að skerða þjónustu sem minnst, ekki síst við þau við þau sem mest þurfa á henni að halda.

Starfsstaðir velferðarsviðs eru fjölmargir og ólíkir. Því þurfum við stjórnendur að nýta helgina vel til að skipuleggja starfið framundan. Þið munuð heyra af því áður en ný vika gengur í garð.

Það sem hefur þegar verið ákveðið er að allri skipulagðri hópastarfsemi í félagsmiðstöðvum borgarinnar verði lokað tímabundið. Húsin verða hins vegar opin, starfsmenn til staðar og hægt að koma þangað í óformlega samveru. Þá hefur mötuneytum velferðarsviðs verið lokað en gerðar hafa verið ráðstafanir sem gera öllum sem vanir eru að borða þar kleift að fá matinn sendan heim. Sótt er um í síma 411 9450 eða á netfanginu maturinnheim@reykjavik.is

Önnur þjónusta sem við veitum á sviðinu verður órofin: Heimaþjónusta, heimahjúkrun, stuðningsþjónusta, þjónusta á hjúkrunarheimilum, í íbúðakjörnum og sambýlum sem og í gisti- og neyðarskýlum. Dagdvalir fyrir aldrað fólk eru jafnframt opnar, auk vinnu- og viknimiðaðrar stoðþjónusta fyrir fatlað fólk og skammtímadvala fyrir fötluð börn, ungmenni og fullorðna. Það kann að vera að nauðynlegt sé að gera breytingar á skipulagi og verður tilkynnt um það eins fljótt og unnt er.

Framkvæmdastjórar þjónustumiðstöðva munu skila tillögum um helgina hvernig fyrirkomulag verður á þjónustumiðstöðvunum og munu kynna það fyrir sínum starfsmönnum áður en vinnuvikan gengur í garð. Sama gildir um Barnavernd, Keðjuna og skrifstofu velferðarsviðs.

Vafalítið finnum við flest fyrir því að þessi þriðja bylgja Covid-19 er farin að reyna á. Við vonumst því til að aðgerðirnar sem kynntar voru í dag skili tilætluðum árangri, svo líf og störf komist sem fyrst í eðlilegt horf hjá okkur.


Þriðja bylgjan hóf innreið sína á velferðarsviði þegar upp komu smit á tveimur íbúðakjörnum um miðjan september. Síðan þá höfum við tekist á við nokkur flókin verkefni. Í öllum tilfellum hefur starfsfólk sýnt og sannað hvers það er megnugt.

Í dag eru 17 starfsmenn velferðarsviðs í einangrun vegna Covid-19 og 22 starfsmenn í sóttkví. Í hópi íbúa og notenda þjónustu eru 6 í einangrun og 11 í sóttkví. Ef við horfum á fjölda þeirra sem hafa verið í sóttkví eða einangrun frá því að þriðja bylgjan hófst sjáum við glöggst hversu víðtæk áhrif hennar hafa verið. Frá því um miðjan september hefur 51 starfsmaður verið í einangrun og 274 starfsmenn verið í sóttkví. Í hópi íbúa eða notenda þjónustu okkar hafa 12 farið í einangrun og 124 í sóttkví.

Ég læt mynd fylgja sem sýnir skiptingu á milli hverfa.

Að lokum - hlúið vel að ykkur sjálfum og fjölskyldunni.

Hljýjar batakveðjur til ykkar sem eruð í einangrun.



Upplýsingapóstur sviðsstjóra til fulltrúa í velferðarráði 18. september:

Heil og sæl,

vil upplýsa ykkur um að það eru fjórir starfsmenn smitaðir á Baraðstöðum, 20 starfsmenn og þrír íbúar í sóttkví. Við erum að gera ráðstafanir með tvo íbúa sem geta ekki verið í sóttkví á staðnum – þeir eru á leið í sitthvorn sumarbústaðinn með starfsmönnum en við fengum „vinnusóttkví“ fyrir þá. Mikil vinna átt sér stað við að fá forgang í skimanir og í morgun heimilaði Kári hraðbraut fyrir okkur, þ.e. að starfsmenn sem eru einkennalausir en vinna á starfsstöðum þar sem smit hefur komið upp, fá greiða leið að skimunum hjá IE í forvarnarskyni.

Alls eru átta starfsmenn velferðarsviðs komnir í einangrun.

Með bestu kveðju/Best regards
Regína Ásvaldsdóttir
Sviðsstjóri/Director
Velferðarsviði Reykjavíkurborgar
City of Reykjavik, Department of Welfare
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík

Upplýsingapóstur sviðsstjóra til fulltrúa í velferðarráði 20. september:

Minnisblað vegna Covid- 19, dags. 20. september 2020

Neyðarstjórn velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

1. Staðan í dag

12 starfsmenn á velferðarsviði eru með staðfest smit og í einangrun. Einn íbúi greindist með smit í gær og er í einangrun. Upplýsingar eru sundurliðaðar eftir þjónustumiðstöðvum en þær reka sólarhringsstofnanir í hverfunum, Barnavernd, Keðjunni, skrifstofu velferðarsviðs og hjúkrunarheimila.

Smitin hafa komið upp á eftirfarandi starfsstöðum:

Barðastaðir, heimili í Grafarvogi fyrir 6 einstaklinga með þroskahömlun og einhverfu.

1 íbúi og 5 starfsmenn smitaðir. 2 íbúar og 18 starfsmenn í sóttkví, þar af 7 starfsmenn í vinnusóttkví, þ.e. þeir eiga að vera í sóttkví en fá heimild til að vinna með tilteknum einstaklingi og halda sig heima við í frítímanum, þ.e fara ekki á mannamót, í strætó né verslanir.

Tveir íbúar eru í sitthvorum sumarbústaðnum með starfsmenn með sér þar sem þeir hafa verið útsettir fyrir smiti og geta ekki hlítt sóttvarnareglum.

Nær allir starfsmenn hafa farið í skimun og þrír íbúar en á Barðastöðum starfa um 40 starfsmenn.

Jöklasel, heimili í Breiðholti fyrir 6 einstaklinga með þroskahömlun og einhverfu

Einn starfsmaður greinst með Covid. 6 starfsmenn og 1 íbúi í sóttkví. Í Jöklaseli starfa um 50 manns. Búið að skima 2 íbúa. Nær allir starfsmenn eru búnir að fara í skimun eða á leiðinni. 28 búnir að fara í skimun á heilsugæslu eða hjá HÍ. Þrettán á leiðinni í skimun hjá Íslenskri erfðagreiningu. Aðrir eru í fæðingarorlofi, veikindaleyfi eða með mótefni og fara því ekki í skimun.

Íbúðakjarni á Hverfisgötu – heimili og þjónusta fyrir 10 einstaklinga með geðfötlun

Smit kom upp hjá einum starfsmanni á íbúðakjarna á Hverfisgötu, sem er kominn í einangrun og þrír íbúar eru komnir í sóttkví. Þrír starfsmenn í sóttkví. Á hverfisgötu búa 8 íbúar og tveir til viðbótar fá svokallaða utankjarnaþjónustu. Fjöldi starfsmanna á Hverfisgötu er 17.

Einkennalausir starfsmenn fá tilboð um skimun hjá ÍE.

Barnavernd Reykjavíkur

Tvö staðfest smit hjá starfsmönnum á skrifstofu/eftirliti. 15 starfsmenn í sóttkví og verða skimaðir hjá heilsugæslu. Allir einkennalausir starfsmenn, um það bil 35 manns, hafa fengið tilboð um skimun hjá ÍE. Þeir fara í skimun strax eftir helgi.

Keðjan – stuðningsþjónusta fyrir börn og unglinga

Tveir starfsmenn í einangrun en engin hætta á því að þeir hafi smitað út frá sér.

Heimili fyrir geðfatlað fólk í Bríetartúni

Einn starfsmaður í einangrun en engin hætta er á að hann hafi smitað út frá sér, þar sem hann var í fríi dagana áður en hann smitaðist.

2. Skimanir

Íbúðakjarnar á velferðarsviði, og önnur viðkvæm þjónusta, eru í algjörum forgangi hjá heilsugæslunni núna. Læknar koma á staðinn og skima íbúa, þegar þess þarf. Allar hverfisstöðvar og læknavaktin eru komin með fyrirmæli um að sinna þessum hópi vel og flýta eins og kostur er að fá niðurstöður í sýnatökum hjá íbúum.

Hraðbrautin hjá Íslenskri erfðagreiningu er fyrir starfsmenn á starfsstöðum með viðkvæma starfsemi þar sem upp koma smit, en aðeins þá sem smitrakningateymið sendir ekki í sóttkví. Enginn með einkenni eða í sóttkví fer til ÍE. Við erum með sérstakan lykil inn til ÍE en mikilvægt er að forgangsraða, því við fáum pláss fyrir u.þ.b. 100 skimanir á dag.

3. Stuðningur við starfsmenn og stjórnendur

Það er smitskömm í gangi samfélaginu, það er mikið af ungu fólki sem vinnur á sviðinu og hefur áhyggjur af því að smita eða hafa smitað íbúa. Mannauðsráðgjafar velferðarsviðs setja sig í samband við alla sem hafa smitast. Mikilvægt að starfsfólk finni að hugsað sé til þess og enginn kenni því um stöðuna. Huga þarf sérstaklega að stjórnendum en framkvæmdastjórar hafa merkt áhyggjur hjá sumum. Fulltrúar úr neyðarstjórn og framkvæmdastjórar þjónustumiðstöðva skipuleggja fimm fundi á næstu dögum þar sem öllum forstöðumönnum í viðkomandi hverfi verður boðið á og geta rætt beint við smitvarnanefnd velferðarsviðs. Tryggja þarf upplýsingaflæði frá þeim fundum og til starfsmanna.

4. Samskipti við aðstandendur

Eitt mikilvægasta verkefnið er að hafa samband við alla aðstandendur þegar smit greinist og halda þeim upplýstum. Gott að hafa pósthóttur eða Facebook-grúppur. Á við um Barðastaði, Jöklasel og Hverfisgötu eins og e, en einnig Barnavernd.

5. Bréf Almanna- og velferðarsviða

Almannavarnir senda á mánudag út bréf þar sem starfsfólk velferðarsviða er hvatt til að viðhafa sérstaka aðgát í störfum sínum. Mikilvægt að bréfið auki ekki „smitskömmina“

6. Bakvarðasveitin

Þegar smit kemur upp á starfsstöðum og starfsmenn þurfa að fara í sóttkví þá vilja forstöðumenn á heimilum með viðkvæma hópa, s.s. á Barðastöðum og í Jöklaseli, freista þess í lengstu lög að hafa starfsmenn sem þekkja viðkomandi einstaklinga. Þess vegna eru tvöfaldar vaktir/yfirvinna fyrsti kostur, næst best er að leita til fyrrum starfsmanna og starfsmanna innan hverfis sem þekkir viðkomandi t.d. úr virkniúrræði og ef þessar aðferðir bera ekki árangur þá er leitað til bakvarðarsveitar. Bakvarðasveit velferðarþjónustu er virk, þar sem mikill meirihluti þeirra sem höfðu skráð sig áður eru tilbúnir að vera áfram á listanum. Þrír starfsmenn eru nú þegar tilbúnir að koma til starfa, ef þeir verða kallaðir til og verið sé að skoða tíu til viðbótar.

7. Leiðbeiningar til starfsmanna VEL á hættustigi

Eftirfarandi vinnureglur hafa verið í gildi á velferðarsviði á hættustigi:

- Starfsmenn þurfa að halda 1 metra fjarlægð við notendur eða nota grímu. Ef um viðkvæma hópa er að ræða eru nándarmörkin 2 metrar eða nota grímu.
- Allir starfsmenn verða að halda 2 metrum á milli sín eða nota grímu.
- Starfsmenn sem sinna viðkvæmum hópum eru hvattir til að halda sig frá mannmörgum stöðum.
- Ef íbúi á íbúðakjarna, sambýli, þjónustuíbúð eða í heimahjúkrun fær einkenni covid-19 þarf strax að fá sýni fyrir íbúann, í gegnum heilsugæslu viðkomandi á virkum dögum milli kl 8–16 eða læknavaktina (1700) um kvöld og helgar. Hægt er að fá sýnatöku heim þegar þess er þörf.
- Ef starfsmaður fær einkenni covid-19 er starfsmaður heima og fær strax sýnatöku á sinni heilsugæslustöð eða í gegnum heilsuveru.
- Ef heimilismenn starfsmanns eru með einkenni sem geta samrýmst Covid-19 þarf heimilismaður að fara í sýnatöku og starfsmaður fer í úrvinnslusóttkví þangað til að niðurstaða úr sýni heimilismanns er ljós.
- Helstu einkenni Covid 19 minna á venjulega flensu: kvef, hósti, hiti, bein-og vöðvaverkir, þreyta og slappleiki. Í sumum tilvikum hverfur bragð- og lyktarskyn skyndilega.
- Ef að upp kemur sýking á starfsstað er sett af stað skimun hjá einkennalausum og þeim sem þurfa ekki að fara í sóttkví á viðkomandi starfsstað í gegnum Íslenska erfðagreiningu.

8. Breytingar á neyðarstigi

Ef velferðarsvið fer á neyðarstig þá þurfa eftirfarandi þættir að koma til framkvæmda:

- Hjúkrunarheimili. Þar voru aðgerðir hertar í gær, s.s. heimsóknir og skoðað í dag hvort það verði gert enn frekar.
- Félagsstarf fyrir eldri borgara – takmarka þarf samverustundir
- Húsnæði fyrir fatlað fólk og þjónustuíbúðum fyrir aldraða þarf að skipta starfsmannahópum upp í hólf / hópa, við það lágmarkast samneyti starfsmanna.

Þetta gæti þýtt að ráða þurfi inn auka starfsfólk til þess að ná að manna starfsstaðinn. Jafnframt þarf í einhverjum tilvikum að breyta vöktum.

- Vinna og Virkni hjá fötluðum einstaklingum. Það mun þurfa að skipta einstaklingum upp í sóttvarnarhólf og það þýðir að þjónustan skerðist. Þá þarf aukna mönnun á sambýli og íbúðakjarna þar sem starfsemin gerir ráð fyrir að íbúar séu að heiman í vinnu og virkni á ákveðnum tímum.
- Akstursþjónusta mun þurfa að fjölga ferðum þar sem einungis er unnt að hafa þá sem búa saman í bílunum í einu. Auk þess þarf að sótthreinsa bílana eftir hverja ferð.
- Það þarf að tryggja aðgengi að sóttvarnarhúsi fyrir þá einstaklinga sem búa á herbergjasambýlum komi upp smit og eins ef upp kemur smit í íbúðakjarna og sýnt þykir að ekki er unnt að vera með viðkomandi í einangrun í íbúð viðkomandi vegna skorts á aðstöðu. Nú þegar hafa tveir sumarbústaðir verið teknir á leigu fyrir íbúa.
- Stjórnsýsluhúsin, þ.e. skrifstofa VEL og þjónustumiðstöðvar. Þar þarf að skipta starfseminni upp í hólf, starfsmenn vinna heima hluta úr viku.
- Neyðarskýlin þurfa að huga að 2 metra reglu.

Upplýsingapóstur sviðsstjóra til fulltrúa í velferðarráði 4. október 2020


Heil og sæl ágætu fulltrúar í velferðaráði,

Neyðarstjórn sviðsins kom saman í dag og í gær, til að undirbúa breytingu frá hættustigi yfir á neyðarstig. Verið er að leggja lokahönd á upplýsingar til allra starfstaða velferðarsviðs, þar sem fram koma bæði sameiginlegar upplýsingar en einnig sértækar þar sem starfsemin er mjög fjölbreytt og ólíkar þarfir miðað við þá notendahópa sem við erum að sinna.

Leiðarljósið er að skerða sem minnst þjónustuna á sama tíma og smitvarnir eru auknar. Til dæmis verður félagstarf opið en fólk beðið að skrá sig til að hægt sé að miða við að hámarki 20 manns í hópum, sama gildir um matarþjónustu en þar verður reynt að skipta hópum upp. Vitatorg verður þó lokað fyrir aðra en íbúa á staðnum.

Við erum að loka Grandagarði, neyðarskýli fyrir unga heimilislausa karla, en þar kom upp smit og eru 7 starfsmenn komnir í sóttkví og 14 einstaklingar, sem gistu þar og er búið að koma upp gangi í sóttvarnarhúsi á Rauðarárstíg fyrir hópinn og er verið að vinna í því í samstarfi við lögregluna að koma öllum í hús. Þeir sem leita í Grandagarðinn – fyrir utan þann hóp sem þarf að fara í sóttkví – verður bent á Lindargötuna.

Meðfylgjandi er yfirlit yfir smit og sóttkví á sviðinu, stöðumat í hádeginu í dag og þá eru gestir neyðarskýlisins meðtaldir.



Upplýsingapóstur sviðsstjóra til fulltrúa í velferðarráði 17. október 2020

Sæl, vil upplýsa ykkur um að Sjúkratryggingar munu opna nýtt farsóttarhús á hádegi í dag sem tekur á móti fólki sem á við fíkn og/eða geðvanda að stríða. Hótel Barón var tekið á leigu. Við fögnum þessu mjög og höfum verið í virku samráði við undirbúninginn!


Húsið verður mannað fólki af fíknigeðdeild og öryggisvörðum.

Með bestu kveðju/Best regards
Regína Ásvaldsdóttir
Sviðsstjóri/Director
Velferðarsviði Reykjavíkurborgar
City of Reykjavik, Department of Welfare
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík

Upplýsingapóstur sviðsstjóra til fulltrúa í velferðarráði 30. október:

Skýrsla um stöðuna á velferðarsviði 30. október 2020

Í dag eru 17 starfsmenn velferðarsviðs í einangrun vegna Covid-19 og 22 starfsmenn sóttkví. Í hópi íbúa og notenda þjónustu eru 6 í einangrun og 11 í sóttkví. Myndin sýnir skiptingu eftir þjónustumiðstöðvum. Líkt og sjá má mæðir nú mest á þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis.



Hvassaleiti

Upp hefur komið smit í Hvassaleiti 56–58, sem er íbúðablokk með íbúðum fyrir fólk eldra en 60 ára. Þar hafa fimm íbúar greinst með Covid-19 smit, auk tveggja starfsmanna velferðarsviðs Reykjavíkurborgar sem starfa í húsinu. Í húsinu eru 64 íbúðir. Velferðarsvið veitir þar heimaþjónustu, heimahjúkrun og matarþjónustu, auk þess að halda úti félagsstarfi. Í húsinu er jafnframt fótaaðgerðastofa.


Fjórir starfsmenn velferðarsviðs eru í sóttkví vegna Hvassaleitis. Allir íbúar hússins eru jafnframt komnir í sóttkví og húsið nú meðhöndlað sem farsóttarhús. Var sú ákvörðun tekin í samráði við Embætti Landlæknis, Landsbjörg og Rauða krossinn. Velferðarsvið leggur mikla áherslu á upplýsingaflæði til íbúa og aðstandenda. Félagsstarfi í húsinu var lokað tímabundið þegar upp komst um fyrsta smitið.

Landakot

Þegar upp komst um hópsýkingu á Landakoti var umsvifalaust ráðist í að kortleggja hversu margir af notendum þjónustu velferðarsviðs hafi verið útskrifaðir þaðan frá 12. október, þar sem talið er að sýking hafi borist inn á spítalann á þeim degi. Þjónusta velferðarsviðs og Landakots skarast í gegnum heimaþjónustu, heimahjúkrun, þjónustuíbúðir og hjúkrunarheimilin Droplaugarstaði og Seljahlíð. Átta einstaklingar sem fá heimaþjónustu, heimahjúkrun eða dvelja á stofnunum á vegum velferðarsviðs höfðu verið útskrifaðir frá 12. október. Einn þeirra hefur nú greinst með Covid-19. Átta notendur heimahjúkrunar liggja nú inni á Landakoti og hafa sex þeirra greinst smitaðir.


Þriðja bylgja Covid-19

Þriðja bylgja Covid-19 hóf innreið sína á velferðarsviði þegar upp komu smit á tveimur íbúðakjörnum um miðjan september. Frá því að bylgjan hófst hefur 51 starfsmaður verið í einangrun og 274 starfsmenn verið í sóttkví. Í hópi íbúa eða notenda þjónustu hafa 12 farið í einangrun og 124 í sóttkví.



Staðan á velferðarsviði í 3. bylgju Covid-19

Staðan á velferðarsviði hefur skánað til muna á undanförunum dögum og er nú sambærileg því sem hún var við upphaf þriðju bylgju Covid-19, þegar horft er til þess hversu margir starfsmenn og notendur þjónustu eru í sóttkví. Í dag eru 8 starfsmenn velferðarsviðs í einangrun vegna Covid-19 og 14 starfsmenn í sóttkví. Enginn úr hópi notenda þjónustu er í sóttkví sem stendur en þrír íbúar eða notendur þjónustu eru í einangrun.



Hvassaleiti og Foldabær

Eins og áður hefur komið fram komu upp smit á tveimur stöðum þar sem viðkvæmir hópar búa. Annars vegar í íbúðablokk fyrir 60 ára og eldri í Hvassaleiti, þar sem velferðarsvið rekur félagsmiðstöð og veitir heimaþjónustu. Hins vegar í Foldabæ, sem er heimili fyrir konur með heilabilun. Sjö íbúar í Hvassaleiti greindust með smit og lést einn þeirra á Landspítalanum. Allir íbúar hússins voru settir í sóttkví en þeir eru nú lausir. Mikil mildi þykir að ekki hafi fleiri smitast í Hvassaleiti. Allar konurnar sem búa í Foldabæ fóru í sóttkví en til allrar hamingju greindist engin þeirra með Covid-19 og eru þær allar lausar úr sóttkví.


Sameinuð heimaþjónusta í þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis

Í þriðju bylgju Covid-19 hefur sérstaklega mikið mætt á starfsfólki heimaþjónustu (heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu) í þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis. Hópsýkingin sem kom upp á Landakoti hafði mikil áhrif þar og síðar einnig hópsýkingin í Hvassaleiti. Tveir starfsmenn heimaþjónustu smituðust af Covid-19 og þegar mest var voru átta starfsmenn í sóttkví á sama tíma. Um 20 notendur heimaþjónustu voru í sóttkví samtímis, auk þess að þrír notendur voru í einangrun heima. Allt olli þetta álagi á starfsfólk sem sinnti fólki í sóttkví og einangrun í fullum hlífðarbúningi – með grímur, gleraugu og hanska. Einnig hefur það vakið upp sorg í starfsmannahópnum að sjö einstaklingar sem fá heimahjúkrun frá ÞLH hafa látist á Landspítalanum af völdum Covid-19 í tengslum við smitið sem kom upp á Landakoti.

Þetta hafa því verið krefjandi tímar hjá starfsfólki í heimaþjónustu í ÞLH en nú horfir til betri vegar. Í dag eru tveir starfsmenn heimaþjónustunnar í einangrun vegna Covid-19. Enginn starfsmaður er í sóttkví. Enginn íbúi er í sóttkví eða einangrun heima sem stendur.

Hátt í 300 starfsmenn hafa farið í sóttkví

Frá því að þriðja bylgja Covid-19 hófst um miðjan september hafa 56 starfsmenn verið í einangrun og 295 starfsmenn í sóttkví. Í hópi íbúa eða notenda þjónustu hafa 16 farið í einangrun og 156 í sóttkví. Taflan hér fyrir neðan sýnir hvernig tilfellin dreifast á starfsstaði velferðarsviðs. Vakin er athygli á því að hjúkrunarheimilið Droplaugarstaðir rekur Foldabæ. Tilfellin sem falla undir Droplaugarstaði, í töflunni hér fyrir neðan, komu öll til vegna Foldabæjar.



Kæru gestir í félagsstarfi!



Vinsamlegast hafið í huga að gestir hér gætu verið viðkvæmir fyrir sýkingum.

Þeir geta haft undirliggjandi sjúkdóma og eru því í hættu smitist þeir af Covid-19.


Því biðjum við ykkur um að fylgja einföldum reglum þegar þið komið í heimsókn



Nota grímur meðan þið eruð í heimsókn



Spritta hendur um leið og þið komið inn



Virðum 2 metra fjarlægðarreglu



Heilsast án handabanda, faðmlaga eða kossa.

Vinsamlegast ekki koma í félagsstarfið ef þú ...

... ert með kvef, hita eða flensulík einkenni

... hefur verið í tengslum við einhvern með staðfest Covid-19 smit eða grun um smit

... ert í sóttkví, einangrun eða úrvinnslusóttkví

... hefur verið erlendis og ekki fengið neikvæðar niðurstöður úr tveim sýnatökum

Takk fyrir að taka þátt í að gera umhverfið okkar öruggt!

Kærar kveðjur frá starfsfólki

Kæru gestir og aðstandendur!



Vinsamlegast hafið í huga að íbúar hér eru viðkvæmir fyrir sýkingum.

Þeir geta haft undirliggjandi sjúkdóma og eru því í hættu smitist þeir af Covid-19.


Því biðjum við ykkur um að fylgja einföldum reglum þegar þið komið í heimsókn




Nota grímur meðan þið eruð í heimsókn



Spritta hendur um leið og þið komið inn



Virðum 2 metra fjarlægðarreglu



Ekki nota sameiginleg rými – fara beint inn til íbúa



Fara beint úr húsi þegar heimsókn er lokið

Vinsamlegast ekki koma í heimsókn ef þú ...

... ert með kvef, hita eða flensulík einkenni

... hefur verið í tengslum við einhvern með staðfest Covid-19 smit eða grun um smit

... ert í sóttkví, einangrun eða úrvinnslusóttkví

... hefur verið erlendis og ekki fengið neikvæðar niðurstöður úr tveim sýnatökum

Takk fyrir að taka þátt í að gera umhverfið okkar öruggt!

Kærar kveðjur frá starfsfólki



Er í lagi að ég komi í heimsókn?



Hefurðu verið á skilgreindu hættusvæði erlendis og fengið jákvæða niðurstöðu úr fyrri eða seinni skimun?



Hefurðu verið í tengslum við einhvern með staðfest COVID-19 smit?



Ertu með kvef eða flensulík einkenni?



Ertu í heimasmitgát, sóttkví eða einangrun?

Ef svarið við einhverri spurningu er

JÁ

átt þú EKKI að heimsækja íbúa á hjúkrunarheimili, í þjónustuíbúð eða íbúðakjarna/sambýli.

Ef svarið við öllum spurningunum er

NEI

mátt þú heimsækja íbúa á hjúkrunarheimili, í þjónustuíbúð eða íbúðakjarna/sambýli.



Am I allowed to visit?



Have you entered Iceland from a high risk area abroad and received a positive test result from the first or second screening?



Have you been around anyone who has a confirmed COVID-19 infection?



Do you have a cold or flu-like symptoms?



Are you currently in home aseptic, isolation or quarantine?

If the answer to any of these questions is

YES

You should NOT visit residents of nursing homes, service apartments or assisted living/condominiums

If the answer to all questions is

NO

You can visit residents of nursing homes, service apartments or assisted living/condominiums



Czy odwiedzanie jest w porządku?

→ Czy byłeś ostatnio w kraju podwyższonego ryzyka występowania koronawirusa, (m. in. Polska) i uzyskałeś pozytywny wynik wymazu podczas kontroli granicznej lub późniejszego badania na obecność koronawirusa?

→ Czy byłeś związany z osobą z potwierdzoną infekcją COVID-19?

→ Czy masz jakieś objawy oddechowe, ból kości lub gorączkę?

→ Jesteś poddany pięciodniowej kwarantannie, dwutygodniowej kwarantannie lub izolowany?

**Jeśli odpowiedź na
którekolwiek pytanie brzmi**

TAK

NIE odwiedzaj

mieszkańców domu opieki,
mieszkania usługowego
lub kompleksu mieszkalnego
/ wspólnego mieszkania..

**Jeśli odpowiedź na
wszystkie pytania brzmi**

NIE

możesz odwiedzić

mieszkańców domu opieki,
mieszkania usługowego lub
kompleksu mieszkalnego /
wspólnego mieszkania.



Á ég að mæta í vinnuna?



Hefurðu verið á skilgreindu hættusvæði
erlendis og fengið jákvæða niðurstöðu úr
fyrri eða seinni skimun?



Hefurðu verið í tengslum við einhvern
með staðfest COVID-19 smit?



Ertu með kvef eða flensulík einkenni?



Ertu í heimasmitgát, sóttkví eða einangrun?

**Ef svarið við einhverri
spurningu er**

JÁ

**ættir þú
EKKI að mæta í vinnuna**

Ræddu við þinn yfirmann
um næstu skref

**Ef svarið við öllum
spurningunum er**

NEI

**mátt þú
mæta í vinnuna**

Verum varkár - förum eftir
samfélagssáttmála

Should I go to work?



Have you entered Iceland from a high risk area abroad and received a positive test result from the first or second screening?



Have you been around anyone who has a confirmed COVID-19 infection?



Do you have a cold or flu-like symptoms?



Are you currently in home aseptic, isolation or quarantine?

If the answer to any
of these questions is

YES

You should NOT go to work

Speak to your employer about
the next steps

If the answer to all
questions is

NO

You may go to work

Let's be careful – follow the
community covenant



Czy powinienem pojawić się w pracy?

→ Czy byłeś ostatnio w kraju podwyższonego ryzyka występowania koronawirusa, (m. in. Polska) i uzyskałeś pozytywny wynik wymazu podczas kontroli granicznej lub późniejszego badania na obecność koronawirusa?

→ Czy byłeś związany z osobą z potwierdzoną infekcją COVID-19?

→ Czy masz jakieś objawy oddechowe, ból kości lub gorączkę?

→ Jesteś poddany pięciodniowej kwarantannie, dwutygodniowej kwarantannie lub izolowany?

Jeśli odpowiedź na
którekolwiek pytanie brzmi

TAK

**NIE powinieneś
uczestniczyć w pracy**

Porozmawiaj z szefem
o kolejnych krokach

Jeśli odpowiedź na
wszystkie pytania brzmi

NIE

**możesz
uczestniczyć w pracy**

Uważaj - przestrzegaj
przymierza społecznego